

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **27.12.2020 Kl. 21:14**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, Guðmundur Örn Guðjónsson.**

Fundargerð ritaði: **Ásdís Lilja Hafþórsdóttir**

Haraldur forfallaðist.

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Staða verkefna af fyrri fundum.

- 1.1. Umsókn í afrekssjóð ÍSÍ er lokið.
- 1.2. Mál frá siðanefnd er enn í gangi.

2. Tillaga um breytingu á reglugerð um íþróttafólk ársins.

Bætt við verðlaunum fyrir bogaflokka og lagfæring á orðalagi.

- 2.1. **Samþykkt einróma.**
- 2.2. **Guðmundur sér um að breyta reglugerðinni.**

3. Tillaga um breytingu á reglugerð um íslensk mót.

Breyting á reglum að Íslandsmót "eru haldin" í "skulu almennt haldin" svo mögulegt sé að fresta Íslandsmótum þyki það nauðsyn eins og nú af sökum Covid. Eins breyting á reglugerð um félagsskipti og lagfæring á orðalagi.

- 3.1. **Samþykkt einróma.**
- 3.2. **Guðmundur sér um að breyta reglugerðinni.**

4. Umræða um heildarstefnu.

Ákveðið var að Albert myndi ganga frá endanlegri útgáfu af heildarstefnunni sem hægt væri að leggja fyrir bogfimiþing.

5. Umræða um bókhald, fjárhagsáætlun og ársreikninga BFSÍ.

6. Umræða um bogfimiþing 2021.

Ákveðið var að halda bogfimiþing laugardaginn 13. mars kl. 13:00. Óvissa er um hver staða Covid-19 verður í mars og var því ákveðið að reyna að opna möguleika á að menn gætu sótt bogfimiþing sem fjarfundar. Ákveðið var að Ásdís myndi sjá um að senda út fundarboð.

Eftirfarandi skjöl þurfa að vera tilbúinn fyrir bogfimiþing: dagskrá bogfimiþings, fjárhagsáætlun, ársreikningur, heildarstefna, afrekssstefna og skýrsla stjórnar fyrir árið 2020. Fram kom á fundinum að gerð flestra þessara skjala eru langt komin.

Fundi slitið kl. **22:28**